

# Borgarastyrjöldin í Bandaríkjunum

## Þrælahald – þríhyrningsverslun

Snemma á 18. öld urðu eyjarnar í Vestur-Indíum í Karíbahafinu miðstöð þrælaverslunar Evrópumanna í nýlendum þeirra í Ameríku. Evrópumenn fluttu vörur, s.s. kopar, vefnaðarvöru og vopn, til Afríku í skiptum fyrir þræla. Þeir sigldu með þrælana til Vestur-Indía og seldu þá þar, fylltu skipin af vörum frá plantekrunum; kaffi, sykri og rommi og seldu í Evrópu. Þrælarnir voru fluttir frá Afríku til Vestur-Indía eyjanna á þrælamarkaði og þeir síðan til nýlendna Evrópumanna í Ameríku. Með þessu blómgaðist efnahagslífið og þessi *þríhyrningsverslun* var undirstaða í efnahag Breta og annarra Evrópuþjóða á þessum tíma.

Lestu nánar um þetta efni með því að slá inn leitarorðin: *þríhyrningsverslun – triangular trade – middle passage – Atlantic slave trade*.



1. Frá hvaða höfnum sigldu ensku skipin?
2. Til hvaða landa í Afríku sigldu þrælakaupmenn?
3. Hvað tók langan tíma að sigla til Vestur-Afríku?
4. Hvaða vörur voru notaðar í vöruskipti fyrir svarta þræla?
5. Frá hvaða löndum komu þrælarnir?
6. Hvert sigldu þrælaskipin? (ath. að breyta)
7. Hvað er talið að margir þrælar hafi verið fluttir frá Afríku til Evrópu og Ameríku á árunum 1526-1870?
8. Hvað merkir afríska hugtakið „maafa“

Gerðu kort í \_\_\_\_\_ sem sýnir leið þrælaskipanna – sjá leiðbeiningar.